

## **BORGARRÁÐ 20. janúar 2022: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að draga úr kostnaði við veitingar á fundum – MSS22010236**

Lagt er til að skoða leiðir til að draga úr kostnaði við veitingar á fundum borgarráðs og borgarstjórnar. Þeir fundir sem hér um ræðir eru oft langir, sá fyrri stundum í 5 tíma og síðari í allt að 10 tíma. Reykjavíkurborg skipti við Múlakaffi þangað til í desember sl. en Kokkarnir veislupjónusta hafa tekið við eftir niðurstöðu útboðs. Gróflega má sjá í opnu bókhaldi að greiðslur til Múlakaffis eru um það bil 10 til 15 milljónir á mánuði sem deilast niður á ólíkar starfseiningar. Á móti þessum útgjöldum koma tekjur af sölu matarskammta til starfsmanna í mötuneytum sem fulltrúi Flokks fólksins hefur ekki upplýsingar um hvað eru miklar. Í þessari tillögu er horft til tveggja tegunda funda, borgarráðs og borgarstjórnar. Í borgarráði mætti láta duga morgunverðarhlaðborð og sleppa hádegisverði þótt fundir fari fram yfir hádegi. Mikilvægt er að gera nákvæma talningu á hverjir eru mættir á fundinn (staðfund) og munu njóta veitinganna svo sporna megi við að afgangur verði mikill og þar með matarsóun. Í borgarstjórn þegar fundir eru í allt að 10 tíma er mikilvægt að hafa staðgóðan kvöldverð en til að draga úr kostnaði mætti taka nákvæmari skráningu á fjölda þeirra sem borða kvöldmat, borgarfulltrúar/starfsmenn. Þá verður minna um afganga og minna um matarsóun.